

Starfsreglur fagráðs Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða

1. Skipan ráðsins

Í fagráði Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða skal sitja einn fulltrúi lækna, einn fulltrúi hjúkrunarfræðinga, einn fulltrúi sjúkraliða og einn fulltrúi annarra heilbrigðisstétta sem eru í föstu starfi innan Heilbrigðisstofnunarinnar, alls fjórir fulltrúar. Ef enginn fyrrgreindra fulltrúa hefur starfsstöð á suðursvæði, skulu starfsmenn í öllum fagstéttum sem starfa á Patreksfirði, koma sér saman um einn fulltrúa og sitja þá fimm í fagráði.

Forstjóri/framkvæmdastjórn skipar í ráðið til 3 ára í senn að fengnum tillögum frá viðkomandi heilbrigðisstéttum. Fulltrúar í fagráði geta setið að hámarki tvö starfstímabil. Á fyrsta fundi hvers almanaksárs skal fagráð kjósa sér formann og annan til vara. Fulltrúar í fagráði hafa ekki varamenn og skal nýr fulltrúi skipaður með sama hætti ef fulltrúi í fagráði hættir störfum við stofnunina eða forfallast með öðrum hætti.

2. Hlutverk

Hlutverk fagráðs er að:

- Efla fagþróun og gæði í starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.
- Ráðið skal vera ráðgefandi um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu í umdæminu og skipulag stofnunarinnar.
- Starfsemi fagráðsins á að endurspegla:
 - Áherslu á teymisvinnu, þverfaglega nálgun og samfellu í meðferð og þjónustu við sjúklinga.
 - Mikilvægi forvarna og heilsugæslu, bæði í samfélaginu og innan stofnunarinnar.
- Fagráð skal hafa frumkvæði að og umsjón með fræðslu og námsdögum innan stofnunar.

3. Skipulag

- Fagráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði frá september til maí. Yfir sumartímamann er fundað eftir þörfum.
- Fagráð skal í samráði við forstjóra boða til upplýsinga og samráðsfunda eftir því sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.
- Fundargerðir skráir ritari ráðsins og skilar þeim til framkvæmdastjórnar. Þær eru einnig aðgengilegar á sameignardrifi HVest. (Undir fundargerðir fagráðs HVest.)

Samþykkt á fundi fagráðs 27. janúar 2021

Reglur þessar voru yfirfarnar og samþykktar af framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á fundi 16. febrúar 2021.